

Sp.

392. Tillaga til þingsályktunar

[147. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir yfirstandandi Alþingi frv. til laga um, að allar sparifjárinnstæður í bönkum og sparisjóðum skuli vera undanþegnar skattgreiðslum til ríkis og bæjarsjóða.

Greinargerð.

Þegar Danir höfðu lokið eignakönnun sinni, kom í ljós, að þau umbrot höfðu gert allan almenning afhuga sparnaði og jafnvel að menn væru orðnir hræddir við að eiga sparifé. Leitaði fjármagnið þá úr bönkum og sparisjóðum í hvers konar svartamarkaðsbrask. Þykir þetta svo mikill þjóðarófarnaður, að mjög er nú um það rætt í landinu að undanþiggja sparifé í lánsstofnunum öllum sköttum til almanna þarfa. Ber lánsstofnunum engin skylda til að skýra óviðkomandi mönnum frá innstæðum, sem þar eru geymdar.

Hér á landi er skortur á veltufé langtum tilfinnanlegri en í Danmörku. Hinn skjótfengni og skjóteyddi stríðsgróði hefur mjög ruglað dómgreind manna í fjármálum. Er nú svo komið, að fjármagn skortir til nálega allra framkvæmda í landinu. Nær það jafnt til ríkisins, bæjarfélaganna, atvinnufyrirtækja og einstakra manna. Hefur ríkið af þessum ástæðum gripið til þeirra örþrifaráða að óska eftir og taka á móti gjöfum frá erlendri þjóð, til hversdagslegra umbóta í landinu. Skattabyrðin er óvenjulega þung og þyngist með hverju ári. Verður mörgum á að draga að óþörfu innstæður sínar úr bönkum og sparisjóðum og lána féð út, undir þeim kringumstæðum að mikil áhætta fylgir, háir vextir og leynd um fjárhæðina. Þess vegna standa bankar og sparisjóðir nú mjög févana, en ábyrgðarlausir og skamsýnir braskarar ráðstafa veltufé landsmanna, oft til óþarfra framkvæmda, en heilbriggt atvinnulíf skortir nauðsynlegt fjármagn og almenningur hættir að trúá opinberum lánsstofnunum fyrir reiðufé og dregur í efa, að sparnaður sé heppileg lífsvenja. Menn óttast síhækkandi skatta og byrja að lítilsvirða og vantreysta því mannfélagi, sem þeir telja að veiti litla vernd, en læsi kló skattanna í hvern lauslegan eyri í eigu borgaranna.

Hér er lagt til að stemma á að ósi. Þjóðin þarf að læra að safna fé og trú á, að sparifé veiti fjölskyldunni aukið öryggi. Þjóðin þarf að eiga aðgang að miklu fjármagni til nauðsynlegra framkvæmda og til atvinnurekstrarins í landinu. En stefnbreyting í þessu efni er óframkvæmanleg, nema með því móti að veita sparifé landsmanna þá vernd, sem hér er bent á.